

Svæðisráð Austursvæðis Vatnajökulspjóðgarðs
59. fundur, haldinn að Lyngási 12 Egilsstöðum, 8. ágúst 2013

Mættir: Björn Ármann Ólafsson, Þórhallur Þorsteinsson, Jóhann F. Þórhallsson og Skúli Björn Gunnarsson og Einar Kr. Haraldsson. Ruth Magnúsdóttir boðaði forföll. Jafnframt sat fundinn Ragna Fanney Jóhannsdóttir aðstoðarþjóðgarðsvörður.

Dagskrá:

1. **Dagskrá fundar og undirritun fundargerða**
2. **Fundur í Möðrudal 18. júlí - Jaðarmiðstöð Vatnajökulspjóðgarðs**
3. **Erindi frá FLH vegna lokana á slóðum við Snæfell**
4. **Haustferð svæðisráðs**
5. **Önnur mál**

Björn Ármann stýrði fundi og setti hann kl. 16.35.

1. Dagskrá fundarins og undirritun fundargerða

Formaður fór yfir dagskrá fundarins. Engar athugasemdir gerðar við hana. Fundargerð 58. fundar sem samþykkt hafði verið í tölvupósti var undirrituð.

2. Fundur í Möðrudal 18. júlí - Jaðarmiðstöð Vatnajökulspjóðgarðs í Möðrudal

Formaður sagði frá fundinum sem haldinn var í Möðrudal 18. júlí og meirihluti svæðisráðs sat. Fundargerð sem Skúli Björn tók saman lá fyrir fundinum. Einnig var kynnt samantekt Rögnu Fanneyjar um jaðarmiðstöð ásamt drögum að kostnaðaráætlun sem unnin hefur verið í samráði við þau í Möðrudal. Í henni kemur fram að fyrstu hugmyndir Elísabetar og Vilhjálms voru lagðar fyrir svæðisráð vorið 2008 í ítarlegri greinargerð um sýn heimafólks á jaðarmiðstöð í Möðrudal. Þá þegar tók svæðisráð vel í erindið og vísaði því áfram til stjórnar.

Farið var yfir framlögð gögn í málinu og eftir umræður samþykkt eftirfarandi bókun:

Svæðisráð er einhuga um að gerður verði samningur til lengri tíma, allt að 10 ára, milli þjóðgarðsins og Fjalladýrðar um leigu á húsnæði fyrir upplýsingastöð ásamt samningi um upplýsingagjöf og landvörslu yfir ferðamannatímann í Möðrudal. Stækkun þjóðgarðsins með Krepputungu og aukinn ferðamannastraumur knýr á um bæði upplýsingagjöf og landvörslu á svæðinu.

Svæðisráð leggur til við stjórn þjóðgarðsins að gengið verði til samninga við Fjalladýrð og tryggt verði nýtt fjármagn á fjárlögum 2014 til þess að standa undir honum. Formanni svæðisráðs er falið að fylgja þessu máli eftir hjá stjórn þjóðgarðsins. Jafnframt leggur svæðisráð til að leitað verði eftir samstarfi við sveitarfélög á Austursvæði og Norðursvæði vegna upplýsingagjafar í Möðrudal.

3. Haustferð svæðisráðs

Haustferð svæðisráðs sem ákveðin var í vor verður farin í Krepputungu dagana 7.-8. september. Þjóðgarðsvörður er að skipuleggja ferðina. Allir svæðisráðsmenn gera ráð fyrir að komast nema Skúli Björn.

4. Erindi frá FLH vegna lokana á slóðum við Snæfell

Svæðisráði hefur borist erindi frá Félagi leiðsögumanna með hreindýraveiðum, dagsett 1. ágúst 2013. Samrit af erindinu er sent til bæjarstjórnar Fljótsdalshéraðs og sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps. Í erindinu skorar stjórn FLH á þessa aðila að tryggja nauðsynlegt fjármagn til viðhalds á slóðinni frá Sauðárkofa að Snæfells-skála um Kolludrag þannig að hún verði ekki lokuð þriðja árið í röð.

Eftirfarandi bókun samþykkt:

Svæðisráð bókaði síðast um vegamál á fundi sínum 6. júní sl., m.a. um ofangreinda slóð. Svæðisráð ítrekar þá bókun og fyrri bókanir sínar um ástand slóða á Austursvæði. Forgangsattriði er að lagfæra Kofaölduslóð, Sauðakofaslóð og slóðina inn í Bergkvíslarkofa. Svæðisráð tekur undir með stjórn FLH að ekki er forsvaranlegt að hafa slóðir lokaðar ár eftir ár vegna skorts á fjármagni til að lagfæra þær. Svæðisráð brýnir því stjórn þjóðgarðsins til aðgerða í málinu og hvetur til þess að fjármagn verði tryggt hið fyrsta til framkvæmda svo að ekki þurfi að koma til lokana slóða á næsta sumri.

Formanni og ritara falið að senda stjórn FLH svar við erindinu og samrit og afrit til þeirra sem fengu slíkt sent.

5. Önnur mál

- a. **Kláfur yfir Blöndu við Geldingafell.** Þórhallur gerði grein fyrir því að Blanda hefði verið erfið í sumar vegna vatnavaxta og flestir gönguhópar lagt af stað austan við hana. Sú framkvæmd er inni í nýrri stjórnunar- og verndaráætlun og hefur fengið jákvæðar undirtektir hjá stjórn. Fregnir hafa borist af því að til standi að koma einnig á kláfi yfir Skaftá hjá Sveinstindi og svæðisráð hvetur til samráðs vegna hönnunar mannvirkjanna. Þjóðgarðsverði falið að vinna málið áfram í samráði við Þórhall.
- b. **Brúin yfir Volgu.** Í vatnavöxtum í sumar munaði minnstu að göngubrúna yfir Volgu í Kverkfjöllum tæki af. Þórhallur greindi frá því að farið hefði verið með beltagröfu inn eftir og undirstöður lagaðar. Ferðaskipuleggjendur eru farnir að selja ferðir inn á hverasvæðið í stórum stíl og því ekki hægt að hafa lokaða gönguleið.
- c. **Gestir í Snæfellsstofu.** Ragna Fanney greindi frá því að mikil fjölgun væri milli ára á gestakomum í Snæfellsstofu, 30%-50% fjölgun í maí, júní og júlí.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 18.30.

Björn Ármann Ólafsson

Skúli Björn Gunnarsson fundarritari

Jóhann F. Þórhallsson

Einar Kr. Haraldsson

Þórhallur Þorsteinsson